



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

AUSTURVEGI 2 • 800 SELFOSS • SÍMI 482 1259 • KENNITALA 630189-2849

# ÁRSSKÝRSLA 2006



*Skólapiltar læra bókband á fyrsta  
starfsári Laugarvatnsskólans veturinn 1928-1929.  
Myndin er úr safni Guðmundar Ólafssonar kennara sem Karl, sonur  
hans, afhenti Hérðasskjalasafni Árnésinga árið 2006.*

## Annáll 2006

Rekstur safnsins var með hefðbundnum hætti. Björn Pálsson héraðsskjalavörður var í 85% stöðu að meðaltali og Skúli Sæland skjalavörður í 55% stöðu allt árið. Ný stjórn var kjörin á fundi Héraðsnefndar í júlí. Hana skipa sem aðalmenn Hróðný Hanna Hauksdóttir formaður, Páll Stefánsson varaformaður og Tryggvi Steinarsson ritari. Varamenn eru Þór Hagalín, Arnór Karlsson og Dagbjört Hannesdóttir. Afhendingar til safnsins urðu 65 og sú stærsta frá Sundhöll Selfoss. Þá var afhent mikið safn húsaekninga frá Húsey ehf.


Rekstrartekjur safnsins urðu alls 9.961.773 kr. eða 8,8% umfram áætlun. Ástæður þessa eru að eigin tekjur með fjármagnstekjum urðu 256.773 kr. umfram áætlun, Héraðsnefnd veitti 250.000 kr. viðbótarframlag vegna ársins 2005 og MS afhenti 300.000 kr. framlag úr minningasjóði um Egil Thorarensen hjá Mjólkurbúi Flóamanna. Rekstrargjöld urðu 8.864.236 kr. sem er 3,2% undir áætlun. Hagnaður ársins varð því 1.097.497 kr. Vönduð tölva með 24 tommu skjá bættist í stofnbúnað og leysti aðra sjö ára gamla hólmi. Gestir safnsins urðu 994 sem er þriðja hæsta gestatala frá upphafi. Fyrirspurnum og afgreiðslum símleiðis og á neti fjölgar stöðugt. Þann 12. maí var opnuð sýning á skjölum Sýslunefndar Árnessýslu og er hluti þeirrar sýningar ásamt fleiru á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands í tilefni samnorrænnar sýningar.

Héraðsskjalavörður sótti þing skjalavarða, sem haldið var í Reykjavík og Kópavogi í byrjun nóvember. Tveir stjórnarfundir voru haldnir. Hinn fyrri var 1. febrúar þar sem m.a. var gengið frá ársskýrslu og ársreikningi vegna 2005. Sá síðari var 13. sept. þar sem fjárhagsáætlun ársins 2007 var afgreidd og fleiri mál rædd. Á fundi Héraðsnefndar Árnesinga í október var samþykkt að nefndin kostaði hálf laun aðstoðarmanns við safnið. Það er merkur áfangi og nauðsynlegur enda verkefnin ærin.

Aðföng urðu mikil eins og sjá má á eftirfarandi úrdrætti. Tölvvert ljósmynda var í þeim afhendingum og þar má nefna söfn Björgvins í Klausturhólum, Stefáns Sigurðssonar skólastjóra og Guðmundar Ólafssonar kennara.

Mikið var unnið að skráningu og þar er merkust skráning skjala Sýslunefndar Árnessýslu frá upphafi til loka. Héraðsskjalasafni Árnesinga vildi það til happs að ungur skjalvörður í meistaranámi í sagnfræði við Háskóla Íslands, Nörður Sigurðsson, vann þá skráningu sem námsverkefni safninu að kostnaðarlausu. Sýslunefndin, sem starfaði frá 1874 til 1988 og var forveri Héraðsnefndar Árnesinga, kom að öllum helstu framfaramálum héraðsins og skjöl hennar því ómetanlegur heimildagrunnur um sögu þess. Þá var einnig lokið skráningu á þeim skjölum Ólafs Ketilssonar, sem komin eru í vörslu safnsins, og margt fleira mætti tilgreina.

**Viðskiptavinum öllum, notendum  
og gefendum er þakkað samstarfið**

  
Björn Pálsson héraðsskjalavörður

## Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árnesinga 2006

### **A** Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.:

- 1) Afréttamálafélag Flóa og Skeiða.
- 2) Barnaskólinn / Vallaskóli á Selfossi
- 3) Biskupstungnahreppur
- 4) Bókasafn Hraungerðishrepps
- 5) Eyrarbakkahreppur
- 6) Iðnskólinn á Selfossi
- 7) Héraðsskólinn á Laugarvatni
- 8) Laugaráslæknishérað
- 9) Mosfellskirkjusókn
- 10) Póstafgreiðslan við Ölfusárbrú / Hraungerði
- 11) Sandvíkurhreppur
- 12) Selfosshreppur –kaupstaður – Árborg
- 13) Selvogshreppur
- 14) Skólaskrifstofa Suðurlands
- 15) Sólvellir, dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka
- 16) Stokkseyrarhreppur
- 17) Sýslunefnd Árnessýslu
- 18) Ölfushreppur

### **B** Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga:

- 1) Aage V. Michelsen, vinnuvélar o.fl.
- 2) Ari Þorleifsson í Klausturhólum og fjölsk.
- 3) Björgvín Magnússon í Klausturhólum og fjölsk.
- 4) Egill Þórðarson á Kjóatöðum
- 5) Guðmundur Ólafsson, kennari, Laugarvatni
- 6) Helgi Ágústsson og Anna Oddsdóttir
- 7) Súluholt, teikningar húsaskipunar um 1940
- 8) Hið íslenska kennarafélag á Suðurlandi
- 9) Holtsheimilið
- 10) Húsey ehf. húsateikningar
- 11) Hörður Guðlaugsson db. gamanmál frá KÁ
- 12) Iðnaðarmannafélag Árnessýslu
- 13) Íshúsfélag Stokkseyrar
- 14) Katrín Jónsdóttir, Langholtskoti
- 15) Kiðjaberg í Grímsnesi
- 16) Lionsklúbbur Selfoss
- 17) Loðdýrabúið í Laugardælum
- 18) Mjólkurbú Flóamanna
- 19) Páll Hallgrímsson, sýslumaður
- 21) Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík
- 22) Samband Sunnlenskra kvenna
- 23) Samkór Selfoss
- 24) Sigurður Pálsson á Baugsstöðum
- 25) Stefán Sigurðsson, skólastjóri.
- 26) Spóastaðaheimilið, fjölskylda og félagsbú
- 27) Tréverk sf. Þorlákshöfn
- 28) Ungmennafélag Biskupstungna
- 29) Ungmennafélag Hrunamanna
- 30) Veiðifélag Stóru-Laxárdeildar

### **Sá/Sú sem afhenti:**

- Páll Lýðsson  
Guðrún Jóhannsdóttir  
Þorfinnur Þórarinnsson  
Margrét Ásgeirsdóttir  
Inga Lára Baldvinsdóttir  
Páll Bjarnason  
Valgerður Sævarsdóttir  
Pétur Skarphéðinsson  
Kristín Karlsdóttir  
Sýslumaður Árnessýslu  
Signý Harpa Hjartardóttir  
Signý Harpa Hjartardóttir  
Þórarinn Snorrason  
Kristín Hreinsdóttir  
Inga Lára Baldvinsdóttir  
Hörður Sigurgrímsson o.fl.  
Drífa Pálsdóttir  
Sverrir Sigurjónsson
- Aage V. Michelsen  
Dóra María Aradóttir  
Magnús Björgvinsson  
Þorfinnur og Áslaug á Spóast.  
Karl Guðmundsson  
Þorvarður Örnólfsson  
Helgi Guðmundsson  
Valgerður Sævarsdóttir  
Anna Guðrún og Hörður í Holti  
Samúel Smári Hreggviðsson  
H. Helga Jaehnke, Kópavogi  
Sýslumaður Árnessýslu  
Signý Harpa Hjartardóttir  
Katrín Jónsdóttir  
Páll Skúlason  
Halldór Magnússon  
Páll Lýðsson o.fl.  
Garðar Eiríksson  
Drífa Pálsdóttir  
Páll Lýðsson  
Halla Aðalsteinsdóttir  
Sigurður Bjarnason, Selfossi  
Sigurður Pálsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Þorfinnur Þórarinnsson  
Sverrir Sigurjónsson  
Skúli Sæland  
Matthías Bjarki Guðmundsson  
Bjarni Einarsson

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Skammstöfun HérÁrn og netfang [herarn@simnet.is](mailto:herarn@simnet.is)

## Opnunartími

Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:00 - 18:00  
og fimmtudaga kl.14:00 - 19:00

## Stjórn safnsins

Hróðný Hanna Hauksdóttir, Sílatjörn 20, Selfossi, formaður,  
Páll Stefánsson, Stuðlum, Ölfusi, varaformaður,  
Tryggvi Steinarsson, Hlíð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ritari

## Héraðsskjalavörður / Skjalavörður

Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389  
og 861-5092 / Skúli Sæland, Reykholti 2, Bláskógabyggð

## REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2006

	<u>2006</u>	<u>Áætlun</u>	<u>2005</u>
<b><u>REKSTRARTEKJUR:</u></b>			
Héraðsnefnd Árnesinga	8.155.000	8.155.000	6.922.000
“ “ v. 2005	250.000	0	0
Þjóðskjalasafn Íslands	800.000	800.000	700.000
MS, -framlag	300.000	0	0
Seld þjónusta	415.079	200.000	656.966
Fjármagnstekjur	41.694	0	9.429
<b>Samtals</b>	<b><u>9.961.773</u></b>	<b><u>9.155.000</u></b>	<b><u>8.288.395</u></b>
<b><u>REKSTRARGJÖLD:</u></b>			
Laun og launatengd gjöld	6.533.694	6.498.000	6.987.416
Annar rekstrarkostnaður	2.066.621	2.257.000	2.056.105
Stofnbúnaður	263.921	400.000	360.032
<b>Samtals</b>	<b><u>8.864.236</u></b>	<b><u>9.155.000</u></b>	<b><u>9.403.553</u></b>
<b><u>HAGNAÐUR / (TAP)</u></b>	<b><u>1.097.537</u></b>		<b><u>( 1.115.158 )</u></b>
Breyting á handbæru fé	1.043.028		( 1.056.426 )
Handbært fé í ársbyrjun	3.319		1.059.745
<b><u>Handbært fé í árslok</u></b>	<b><u>1.046.347</u></b>		<b><u>3.319</u></b>